

Skjal 19/2018

## Skýrsla eftirlitsnefndar um starfsemi á árinu 2018

Eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs hefur samkvæmt starfsreglum Norðurlandaráðs eftirfarandi hlutverk:

*Eftirlitsnefnd fer með þingbundið eftirlit með þeirri starfsemi sem kostuð er sameiginlega úr norrænum sjóðum, og sér einnig um aðrar úttektir sem þingið ákveður (6. gr.).*

*Eftirlitsnefnd getur lagt ályktun fyrir forsætisnefnd um túlkun Helsingforssamningsins og annarra samninga um norrænt samstarf, starfsreglur þessar og aðrar ákvarðanir um innri málefni (46. gr.)*

Skipan eftirlitsnefndar í október 2018:

Ruth Marie Grung (S), formaður, Noregi  
Ólafur Ísleifsson (Flf), varaformaður, Íslandi  
Eva Sonidsson (S), Svíþjóð  
Rasmus Ling (MP), Svíþjóð  
Paavo Arhinmäki (Venst), Finnlandi  
Jan-Erik Messmann (DF), Danmörku (fram til 2.október 2018)  
Maria Stockhaus (M), Svíþjóð

Eftirlitsnefndin hefur haldið þrjá fundi árið 2018 og farið í eina námsferð (24. janúar í Stokkhólmi, 9. apríl á Akureyri og 13. september í Nuuk ásamt námsferð til Stokkhólms 24. ágúst).

Ólíkt fagnefndunum hafa fulltrúar í eftirlitsnefnd persónulega varamenn.

### Heimsóknir á stofnanir

Síðan árið 2011 hefur eftirlitsnefndin farið í reglubundnar heimsóknir á norrænar stofnanir sem fá styrki frá Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur heimsóknanna er að varpa ljósi á norrænt notagildi sem stofnanirnar skila. Að heimsóknunum loknum er samin skýrsla sem er send til stofnunarinnar, Norrænu ráðherranefndarinnar, viðkomandi nefndar Norðurlandaráðs sem fer með málaflokk stofnunarinnar og til forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

Árið 2018 heimsótti eftirlitsnefndin Norrænu velferðarmiðstöðina í Stokkhólmi, Svíþjóð. Stofnunin er einnig með útibú í Helsinki, en þar sem áhersla var lögð á stöðu mála varðandi málefni ungra daufblindra einstaklinga og kynningu á almennri starfsemi miðstöðvarinnar, var heimsóknin til aðalskrifstofunnar í Stokkhólmi.



NVC er stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, á fagsviði félags- og heilbrigðismála. Fjárveitingin nemur 25,5 milljónum danskra króna til reksturs og til viðbótar koma 8,5 milljónir danskra króna til verkefna, sem eru í höndum alls 32 starfsmanna, en af þeim starfa 9 í Helsinki.

Stjórn miðstöðvarinnar hefur breyst í að vera ráðgefandi hópur – advisory board og miðstöðin fékk nýjan yfirmann sumarið 2018 – Eva Franzén er tekin við sem forstjóri. Fundur eftirlitsnefndar með forstjóranum fór fram innan fyrstu 14 daga hennar í starfi.

Vinna miðstöðvarinnar skiptist á fjögur áherslusvið:

- Lýðheilsumál
- Fötlunarmál
- Aðlögunarmál
- Velferðarstefna

Eftirlitsnefndin lagði, auk almennrar kynningar á starfseminni og tækifæris til að hitta starfsmenn og stjórn, sérstaka áherslu á málefni ungra daufblindra einstaklinga, sem eftirfylgni við heimsókn nefndarinnar árið 2014, sem hafði gefið tilefni til athugasemdarinnar: *Við flutning starfseminnar frá Dronninglund í Danmörku til Stokkhólms er mikilvægt að varðveita færni og þekkingu á þessu sviði. Eftirlitsnefndin telur að hætta sé á að færni geti glatast við flutning og mun því fylgjast með þróuninni og heyra nánar á komandi fundi.*

Í fjárveitingarbréfi NVC fyrir árið 2018 eru málefni daufblindra áfram hlutamarkmið á áherslusviðinu Fötlunarmál:

„NVC stuðlar að bættum jöfnum möguleikum einstaklinga með daufblindu til þátttöku í samfélaginu með söfnun, þróun og miðlun þekkingar um til dæmis orsakir daufblindu, (endur-)hæfingu, samskipti og skilning á daufblindu almennt séð meðal starfsfólks, stjórnvalda og fræðasviðs.“

Eftirlitsnefndinni virðist sem að unnið sé með málefni daufblindra á myndarlegan hátt og með miklu norrænu notagildi fyrir hlutaðeigandi sem vinna með málefni norrænna ungra daufblindra einstaklinga á öllum stigum. Eiginlegt mat á vinnu að málefnum ungra daufblindra einstaklinga hefur ekki farið fram eftir flutning deildarinnar frá Danmörku, en mat miðstöðvarinnar er að ef horft er til þátttöku í ýmsum viðburðum, þá er staðið vel að verki og starfsemin dafnar.

Eftirlitsnefndin spurði almennt um fjárveitingarbréf miðstöðvarinnar og gerð var athugasemd um að form bréfsins gæfi takmörkuð tækifæri til breytinga á verkefnum, þar sem fjárveitingarbréfið skilgreinir mjög skýrt verkefni miðstöðvarinnar.

Eftirlitsnefndin veitti því eftirtekt að upplýsingamiðlun miðstöðvarinnar færi fram á ólíkum vettvangi en ekki á samfélagsmiðlum og að erfitt væri að leggja mat á hvort verkefni/áherslusviðin næðu til réttu markhópanna. Af hálfu miðstöðvarinnar var bætt við að málið væri í athugun og yrði tekið fyrir í náninni framtíð.



## Eftirlitsverkefni 2018

Í heimsókn eftirlitsnefndar hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni í Stokkhólmi var boðað til fundar með fulltrúum frá stjórnslu Norrænu ráðherranefndarinnar um annars vegar þau verkefni sem fá styrki og hins vegar þær stofnanir sem fá styrki. Þessi fundur var boðaður eftir ósk um úttekt á verkefnagagnagrunni Norrænu ráðherranefndarinnar. Gagnagrunnurinn var kannaður árið 2015 af COWI og gerðar voru athugasemdir við uppfærslu gagnagrunnsins. Eftir þessa úttekt COWI hefur Norræna ráðherranefndin yfirfarið verkefni í gagnagrunninum og fært gögn í nýrra horf. Eftirlitsnefndin vildi með úttekt sinni skoða hvort gagnagrunnurinn væri uppfærður og innihaldið efnislega mikilvægt. Í þessu skyni var Norrænu ráðherranefndinni boðið til Stokkhólms til að kynna fyrir eftirlitsnefndinni hvernig gagnagrunnurinn virkaði og hvernig almennt er unnið með verkefni, styrki og mat á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Yfirferðin skýrði vinnu með verkefni og ekki síst að gagnagrunnurinn í sinni núverandi mynd gæti ekki verið sá staður þar sem mætti finna viðeigandi og uppfærðar upplýsingar um öll verkefni. Það er vegna þess að gagnagrunnurinn kynni upplýsingar úr fjármálastjórnunarkerfi og þar er ekki hægt að sjá gögn sem gefa ítarlega innsýn í verkefni og gang þeirra.

Í tengslum við að Norræna ráðherranefndin skiptir yfir í nýtt EAP-kerfi á árinu 2019 verður einnig hægt að útbúa betri kynningu á stöðu verkefna í nýjum verkefnagagnagrunni. Þessi vinna mun væntanlega fara fram í árslok 2019. Fyrir lok árs 2018 mun formaður eftirlitsnefndarinnar eiga fund með fulltrúum Ríkisendurskoðunar Danmerkur í því skyni að ræða reglurnar að baki þeirri endurskoðun sem eru grundvöllur skýrslna endurskoðendanna.

## Önnur verkefni

### Ársskýrslur stofnana

Nefndin hefur rétt eins og undanfarin ár lesið ársskýrslur norrænna stofnana sem tengjast Norrænu ráðherranefndinni. Alls er um 11 stofnanir að ræða. Almennt lítur út fyrir að vel gangi hjá stofnununum á heildina séð og að þær nái þeim markmiðum sem koma fram í árangurssamningunum frá Norrænu ráðherranefndinni.

### Árleg fjárveitingarbréf

Venju samkvæmt semur Norræna ráðherranefndin fjárveitingarbréf til stofnana sinna. Tilgangur fjárveitingarbréfa er að skapa betri yfirsýn yfir starfsemi ólíkra stofnana, að stuðla að auknu gagnsæi og betri tækifærum til þingbundins eftirlits. Eftirlitsnefndin hefur skoðað öll fjárveitingarbréf.

### **Skýrslur Ríkisendurskoðunar**

Á fundi sínum í september í Nuuk fór eftirlitsnefndin yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar Danmerkur um Norrænu ráðherranefndina, Norðurlandaráð og Norræna menningarsjóðinn. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa afgreiðslu ársreikninga á þingi Norðurlandaráðs.



#### *Norræna ráðherranefndin*

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur skilað skýrslu sinni um reikningsskil Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2017.

Eftirlitsnefndin getur þess í nefndaráliti sínu að Ríkisendurskoðun telji ársuppgjörið gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki sé nauðsynlegt að gera alvarlegar athugasemdir við reikningsskil Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2017. Sem og að þær ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Enn fremur segir í nefndaráliti eftirlitsnefndar:

- Að vinna skuli að skýrari framsetningu á skuldum vegna verkefna þegar nýtt fjármálakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar er tekið í notkun svo að unnt verði að sjá nákvæmari skiptingu þeirra milli ára.
- Að forstöðumenn Norræna hússins á Íslandi, Nordregio, Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar og Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar athugi og fari eftir fram komnum athugasemdum við endurskoðun á stofnununum með tilliti til bættra stjórnunarháttanna.

#### *Norðurlandaráð*

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norðurlandaráðs árið 2017.

Eftirlitsnefndin getur þess í nefndaráliti sínu að Ríkisendurskoðun telji ársuppgjörið gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki séu gerðar alvarlegar athugasemdir við reikningsskil Norðurlandaráðs fyrir árið 2017.

Ríkisendurskoðun telji jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

#### *Norræni menningarsjóðurinn*

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norræna menningarsjóðsins árið 2017. Eftirlitsnefndin getur þess í nefndaráliti sínu að Ríkisendurskoðun telji ársuppgjörið gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki séu gerðar alvarlegar athugasemdir við reikningsskil Norræna menningarsjóðsins fyrir árið 2017. Ríkisendurskoðun telji jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.